



Lagt fyrir 381. fund velferðarráðs 19. ágúst 2020

VEL2020070004

RÁ/ag

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni:

Þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að framhald verði á ráðningu námsmanna.

Í Covid-19 aðstæðunum voru ráðnir námsmenn til þess að auka þjónustu við eldri borgara. Ráðið var í 63 stöðugildi námsmanna vegna eldri borgara og var ráðningatímabilið 2 mánuðir. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að framhald verði á ráðningu námsmanna. Hér er um beggja hag að ræða. Eldri borgarar fá þjónustu sem ekki hefur alltaf verið fullnægjandi og jafnvel ekki viðunandi oft vegna manneklu og námsmenn fá dýrmæta reynslu við störf sín með eldri borgurum ýmist við aðhlynningarstörf eða félags- og tómstundastörf. Þetta fyrirkomulag ætti að vera komið til að vera.

Umsögn:

Það er mat velferðarsviðs að mikilvægt hafi verið eftir erfiðan vetur hjá starfsfólki í umönnunarstörfum og þeim fjölmörgu einstaklingum sem fengu skerta þjónustu og/eða bjuggu við heimsóknarbann í vetur vegna Covid 19 að sumarið í ár yrði fullt af jákvæðum upptækum og skemmtilegheitum, meðal annars í búsetukjörnum fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðum fyrir aldraða, félagsmiðstöðvum, heimilum fyrir fólk með fjölpættan vanda og neyðarskýlum fyrir heimilislaust fólk.

Reykjavíkurborg fékk úthlutað 450 viðbótarstörfum sumarið 2020. Störfin voru ætluð nemendum á milli anna og voru hluti af atvinnuátaki borgarinnar í samvinnu við Vinnumálastofnun. Á velferðarsviði voru ráðnir 204 nemendur til starfa í tvo mánuði sem störfuðu á flestum starfsstöðum sviðsins.

67 nemendur voru ráðnir sérstaklega til að sinna eldri borgurum, þar af 29 við félagslega nýsköpun og 38 við almenn störf í aðhlynningu og umönnun. Nokkrir hópar starfsfólks störfuðu í sumar við félagsstörf fyrir eldri borgara, má þar nefna farandleikhús og leiklistarnámskeið, tæknilæsinámskeið og Gleðismiðjuna – hóp tónlistar- og listafólks.

Þessar ráðningar nema á velferðarsvið í sumar gáfust afar vel og ríkti ánægja með störfin, bæði meðal starfsfólks og eldri borgara/þjónustuþega. Störfin voru hluti atvinnuátaks, sem fjármagnað var af ríki og borgarsjóði. Ekki var gert ráð fyrir að átakið yrði framlengt og gefur fjárhagsrammi velferðarsviðs ekki svigrúm til að bjóða þessu starfsfólki áframhaldandi störf. Hins vegar eru dæmi um að nemunum hafi verið boðin hlutastörf samhliða námi við hin ýmsu störf á velferðarsviði og halda því einhverjir þeirra áfram störfum innan sviðsins.